

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Iðnaðarráðuneytið
Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík

12020066	ESG
2.2.1	IMP
22.05.2012	

Gunnarsholti, 15.05.2012
Tilv. 00.25
GS

Efni. Tillaga til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi iðnaðarráðuneytisins, dags. 23. mars 2012, þar sem hvatt er til þess að hagsmunaaðilar, þ.á.m. Landgræðsla ríkisins, kynni sér umrædda þingsályktunartillögu og sendi athugasemdir og ábendingar sem varða mótun stefnu um raflínur í jörð til nefndar, sem falið hefur verið að móta stefnu í þessum efnunum.


Landgræðslan tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með þingsályktunartillögunni að tímabært sé að marka framtíðarsýn um lagningu raflína í jörð og meta kosti hennar og galla. Hins vegar er ljóst, eins og einnig kemur fram í greinargerðinni, að lagningu raflína í jörð fylgir mikið jarðrask og líklega talsvert meira en lagningu loftlína. Landgræðslan telur því afar mikilvægt að við mótun stefnu um raflínur í jörð, verði jafnframt mótuð stefna um hvernig bæta skuli það jarðrask sem af framkvæmdum hlýst og tekið fyllsta tillit til þess kostnaðar sem þær framkvæmdir hafa í för með sér.

Í greinargerðinni er m.a. fjallað um að í viðkvæmum vistkerfum og jarðminjum, s.s. eldhraunum og múrum, sé mikilvægt að jarðraski sé haldið í algjöru lágmarki. Landgræðslan tekur undir þessi sjónarmið, en telur að þetta eigi einnig við um aðrar tegundir vistkerfa eins og t.d. viðkvæman eldfjallajarðveg sem getur verið afar fokgjarn og jafnvel lítið rask getur leitt til jarðvegsrofs. Það er því að mati Landgræðslunnar afar mikilvægt að ávallt sé við ákvörðun um lagningu raflínu í jörðu, jafnframt tekin ákvörðun um hvernig framkvæmdum skuli háttað þannig að sem minnst jarðvegsrask verði, hvernig bæta skuli það jarðrask og hvernig eftirliti og eftirfylgni með mótvægisáðgerðum skuli háttað. Síðasttalda atriðið er að mati Landgræðslunnar mjög mikilvægt, þar sem það getur tekið mörg ár, eftir að framkvæmdum lýkur, að ná þeim árangri sem að er stefnt.

Landgræðslan tekur undir það sjónarmið í greinargerðinni að draga meggi úr jarðraski, a.m.k. á viðkvæmum svæðum, með því að leggja jarðstrengi í áður röskuð svæði, t.d. meðfram vegum. Með þeim hætti væri hægt að draga mjög úr neikvæðum áhrifum jarðstrengja á gróður og jarðveg.

Landgræðslan er fús til að veita þeirri nefnd sem að málinu starfar frekari upplýsingar og ráðgjöf eftir því sem í hennar valdi stendur og eftir verður leitað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,



Guðm. Stefánsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs.